b. Verðlagsuppbót .....	10500		
	<u>15500</u>		
		15 500	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að, að honum látnum, verði ættfræðihandrit hans eign Landsbókasafnsins.			
10. Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans:			
a. Grunnstyrkur .....	5000		
b. Verðlagsuppbót .....	10500		
	<u>15500</u>		
		15 500	
11. Til að þýða rit Jóns Dúasonar á enska tungu ..			25 000
12. Til samningar íslenzkrar samheitaorðabókar:			
a. Grunnstyrkur .....	5000		
b. Verðlagsuppbót .....	10500		
	<u>15500</u>		
		15 500	
13. Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn jafnmiklu framlagi frá Sáttmálasjóði:			
a. Grunnstyrkur .....	15000		
b. Verðlagsuppbót .....	31500		
	<u>46500</u>		
		46 500	
14. Til útgáfu héraðssagnarita, eftir tillögum heimspékideildar háskólans:			
a. Grunnstyrkur .....	5000		
b. Verðlagsuppbót .....	10500		
	<u>15500</u>		
		15 500	
15. Til Norræna félagsins .....		5 000	
16. Til Íslendingafélagsins i Kaupmannahöfn .....		4 000	
17. Til ætt- og mannfræðifélagsins, til útgáfu manntalsins frá 1816 .....		10 000	
18. Til héraðsskjalasafns skv. l. nr. 7 1947 .....		5 000	
			291 540
IX. Til skálda, rithöfunda og listamanna:			
a. Grunnstyrkir .....		175 000	
b. Verðlagsuppbót .....		367 500	
Af fé þessu skal Gunnar skáld Gunnarsson njóta 6000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót og			542 500

## 15. gr.

	kr.	kr.
Steingrímur Matthiasson, fyrrum héraðslæknir, 5000 kr. heiðurslauna að viðbættri verðlagsuppbót. Að öðru leyti skal 4 manna nefnd, kosin af Alþingi, skipta fjárhæð þessari.		
X. Til vísindamanna og fræðimanna samkvæmt úthlutun menntamálaráðs:		
a. Grunnstyrkur .....	30 000	
b. Verðlagsuppbót .....	63 000	93 000
XI. Til leiklistarstarfsemi:		
1. Til leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur ..	30 000	
2. Til leikskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffiu Guðlaugsdóttur 2500 kr. og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 2500 kr.:		
a. Grunnstyrkur .....	8500	
b. Verðlagsuppbót .....	17850	
	26 350	
3. Til leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Akureyrar ..	6 000	
4. Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar	3 000	
5. Til leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Ísafjarðar ..	1 500	
6. Til leikfélags Sauðárkróks, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	1 500	
7. Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja .....	1 500	
8. Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	1 500	
9. Til leikfélags Dalvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	1 000	
10. Til leikfélags Eyrarbakka, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	1 000	
11. Til leikfélags Akraness, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	1 500	74 850
XII. Til tónlistarstarfsemi:		
1. Til Tónlistarskólans, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur:		
a. Grunnstyrkur .....	15000	
b. Verðlagsuppbót .....	31500	
	46 500	
2. Til tónlistarskóla á Akureyri, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	20 000	
3. Til hljómsveitar Reykjavíkur .....	2 000	
4. Til Lúðrasveitar Reykjavíkur, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	25 000	
5. Til Lúðrasveitar Akureyrar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að .....	10 000	



15. gr.

	kr.	kr.
6. Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistar- málum og efla skilning alþýðu á tónmennt:		
a. Grunnlaun .....	4620	
b. Verðlagsuppbót .....	9702	
	14 322	
7. Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barna- kennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfraði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóð- kirkjunnar:		
a. Grunnlaun .....	1950	
b. Verðlagsuppbót .....	4095	
	6 045	
8. Til sambands íslenzkra karlakóra:		
a. Grunnstyrkur .....	6000	
b. Verðlagsuppbót .....	12600	
	18 600	
9. Til landssambands blandaðra kóra og kvennakóra:		
a. Grunnstyrkur .....	3000	
b. Verðlagsuppbót .....	6300	
	9 300	
		151 767
XIII. Til listasafns Einars Jónssonar:		
1. Laun Einars Jónssonar:		
a. Grunnlaun .....	8245	
b. Verðlagsuppbót .....	17314	
	25 559	
2. Til eldiviðar og ljósa .....	7 000	
3. Ýmis gjöld .....	20 000	
4. Fyrning .....	711	
		53 270
XIV. Til Guðjóns Samúelssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að uppgötva aðferð við múrhúðun, þriðja greiðsla af fimm .....		10 000
XV. Til Bandalags íslenzkra listamanna:		
a. Grunnstyrkur .....	4 800	
b. Verðlagsuppbót .....	10 080	
		14 880
XVI. Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga (Þar af 5000 kr. til Þjóðræknisfélags Íslendinga.)		8 000
XVII. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928		8 000
XVIII. Til umbóta á Þingvöllum .....		100 000
XIX. Til Vesturheimsblaðanna Lögbergs og Heimskringlu, 10 000 til hvors. ....		20 000
Samtals A. ...	. . .	2 543 550

	kr.	kr.
<b>B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.</b>		
<b>I. Atvinnudeild háskólans:</b>		
<b>1. Iðnaðardeild:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	118400	
2. Verðlagsuppbót .....	248640	
	<u>367040</u>	
b. Annar kostnaður .....	170250	
	<u>537290</u>	
÷ Tekjur af rannsóknum .....	226000	
	<u>311 290</u>	
<b>2. Fiskideild:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	66700	
2. Verðlagsuppbót .....	140070	
	<u>206770</u>	
b. Annar kostnaður .....	205000	
	<u>411 770</u>	
<b>3. Landbúnaðardeild:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	60700	
2. Verðlagsuppbót .....	127470	
	<u>188170</u>	
b. Annar kostnaður .....	144000	
	<u>332 170</u>	
c. Fjárræktarbúið á Hesti:		
1. Laun .....	53530	
2. Annar kostnaður .....	39500	
3. Stofnkostnaður .....	29000	
	<u>122030</u>	
÷ Tekjur .....	50700	
	<u>71 330</u>	
d. Tilraunastöðin á Úlvarsá:		
1. Laun .....	36040	
2. Annar kostnaður .....	28000	
3. Stofnkostnaður .....	33000	
	<u>97040</u>	
÷ Tekjur .....	20000	
	<u>77 040</u>	
<b>4. Sameiginlegur kostnaður:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	27075	
2. Verðlagsuppbót .....	56857	
	<u>83932</u>	
b. Til ræstingar .....	40000	
c. Til eldiviðar og ljósa .....	15000	
d. Annar kostnaður .....	42000	
	<u>180932</u>	
÷ Tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands	100000	
	<u>80 932</u>	
		<b>1 284 532</b>

15. gr.

	kr.	kr.
<b>II. Rannsóknarstofa háskólans:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	95000	
b. Verðlagsuppbót .....	199500	
	<u>294 500</u>	
2. Annar kostnaður .....	140 000	
	<u>434 500</u>	
÷ tekjur af rannsóknum .....	120 000	
		<b>314 500</b>
<b>III. Til rannsóknaráðs:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	17400	
b. Verðlagsuppbót .....	36540	
	<u>53 940</u>	
2. Rannsóknakostnaður .....	40 000	
		<b>93 940</b>
<b>IV. Veðurstofa Íslands:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	216969	
b. Verðlagsuppbót .....	455634	
	<u>672 603</u>	
2. Aukavinna .....	242 835	
3. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl. ....	258 000	
4. Til veðurskeyta o. fl. ....	305 500	
5. Til loftskammtatækja .....	3 000	
6. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	56 500	
7. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum, aukavinna o. fl. ....	10 000	
8. Úrkomumælingar á fjöllum .....	10 000	
9. Starfræksla landskjálftamæla .....	73 000	
10. Annar kostnaður .....	18 560	
11. Verkstæði, stofnkostnaður .....	50 000	
		<b>1 699 998</b>
V. Til landmælinga .....		75 000
VI. Til jökulmælinga .....		1 500
<b>VII. Til sjómælinga:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	22600	
b. Verðlagsuppbót .....	40320	
	<u>62 920</u>	
2. Annar kostnaður .....	92 080	
		<b>155 000</b>
<b>VIII. Til húsameistara ríkisins:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	66477	
b. Verðlagsuppbót .....	139602	
	<u>206 079</u>	
2. Annar kostnaður .....	50 000	
		<b>256 079</b>
<b>Samtals B. ...</b>	<b>. . .</b>	<b>3 566 049</b>

## 16. gr.

## Til atvinnumála er veitt:

	kr.	kr.
<i>A. Landbúnaðarmál.</i>		
1. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins .....		1 000 000
2. Til sama, til kynnisferða bænda .....		5 000
3. Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum:		
a. Jarðabótastyrkur .....	2 500 000	
b. Til verkfærakaupasjóðs .....	80 000	
c. Til vélasjóðs skv. lögum .....	50 000	
d. Til ræktunarframkvæmda vélasjóðs .....	300 000	
		2 930 000
4. Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 32 1931 .....		250 000
5. Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins .....		300 000
6. Til bygginga á Reykhólum .....		200 000
7. Framlag samkvæmt lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum:		
a. Vegna II. kafla: Um landnám .....	2 500 000	
b. Vegna III. kafla: Um byggingarsjóð .....	2 500 000	
		5 000 000
8. Til ræktunarsjóðs, vaxtatillag .....		3 312
9. Til áveitufélags Ölfusinga .....		20 000
10. Til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti .....		500 000
11. Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu, samkv. lögum nr. 68 1918 og lögum nr. 10 1926 .....		4 000
12. Til vélasjóðs .....		200 000
13. Til sandgræðslu:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	19000	
2. Verðlagsuppbót .....	39900	
		58 900
b. Til sandgræðslustöðva .....	175 000	
c. Til nýrra sandgræðslugirðinga .....	100 000	
d. Ýmis gjöld .....	100 000	
		433 900
14. Til skógræktar:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	40675	
2. Verðlagsuppbót .....	85417	
		126 092
b. Skrifstofukostnaður .....	30 000	
c. Til skógræktarféлага .....	100 000	
d. Til skógræðslu og friðunar á skóglendi o. fl. ...	400 000	
e. Afborganir og vextir .....	62 400	
		718 492
15. Til Garðyrkjufélags Íslands .....		2 000
16. Til búreikningaskrifstofu, sbr. lög nr. 35 1941 .....		20 000
17. Til mjólkurbúa og smjörslaga .....		80 000
18. Æðarvarp. Til leiðbeininga og tilrauna .....		25 000
19. Til klaksjóðs samkvæmt lögum nr. 36 1937 .....		10 000

## 16. gr.

	kr.	kr.
20. Kostnaður vegna laga nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	16550	
2. Verðlagsuppbót .....	34755	
	51 305	
b. Skrifstofukostnaður o. fl. ....	8 000	
c. Ferðakostnaður .....	10 000	
d. Annar kostnaður .....	20 000	
e. Kostnaður vegna veiðimálanefndar og styrkir til fiskiræktar .....	30 000	
		119 305
21. Til Loðdýraræktarfélagis Íslands .....		6 000
22. Til loðdýraræktar:		
a. Laun ráðunautar:		
1. Grunnlaun .....	8400	
2. Verðlagsuppbót .....	17640	
	26 040	
b. Annar kostnaður .....	15 000	
		41 040
23. Til dýralækna:		
a. Laun dýralækna:		
1. Grunnlaun .....	41700	
2. Verðlagsuppbót .....	87570	
	129 270	
b. Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:		
1. Grunnstyrkur .....	6500	
2. Verðlagsuppbót .....	13650	
	20 150	
c. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis .....	3 000	
d. Til Páls Pálssonar dýralæknis samkvæmt samningi .....	6 000	
		158 420
24. Til kláðalækninga .....		3 000
25. Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar .....		4 260 000
26. Til Páls G. Jónssonar, Garði, Fnjóskadal .....		1 000
27. Til Norræna búfræðifélagsins .....		1 000
		16 291 469
Samtals A ...	. . .	16 291 469
<i>B. Sjávarútvegsmál.</i>		
1. Til Fiskifélags Íslands, enda samþykki atvinnuáráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins, og félagið sjái um útgáfu fiskimannaalmanaks á sinn kostnað .....		821 230
2. Til skuldaskilasjóðs vélbátæigenda .....		180 000
3. Til alþjóðahafrannsóknna .....		13 500
4. Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins .....		10 000
5. Til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, samkv. l. nr. 52 1947 l. gr. ....		1 500 000
		2 524 730
Samtals B ...	. . .	2 524 730

	kr.	kr.
<i>C. Iðnaðarmál.</i>		
1. Til Landssambands iðnaðarmanna .....		50 000
2. Til iðnlánasjóðs .....		300 000
3. Kostnaður við iðnráð .....		10 000
4. Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, % kostnaðar allt að .....		250 000
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að ríkisstjórnin láti endurskoða reikninga stofnunarinnar og árlega sé gefin skýrsla um starfsemina, samþykkt af endurskoðanda.		
5. Til Halldóru Bjarnadóttur til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:		
a. Grunnlaun .....	2 340	
b. Verðlagsuppbót .....	4 914	
		7 254
6. Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði:		
a. Grunnstyrkur .....	900	
b. Verðlagsuppbót .....	1 890	
		2 790
7. Til tóvinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Svalbarðseyri við Eyjafjörð .....		30 000
8. Til Guðmundar Kristinssonar, myndskera:		
a. Grunnstyrkur .....	500	
b. Verðlagsuppbót .....	1 050	
		1 550
Samtals C ...	...	651 594
<i>D. Raforkumál.</i>		
I. Stjórn raforkumála:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	141 000	
b. Verðlagsuppbót .....	296 100	
		437 100
2. Skrifstofukostnaður .....	154 000	
3. Ferðakostnaður, mælingar og aðstoð .....	200 000	
4. Vatnsrennslismælingar .....	70 000	
5. Annar kostnaður .....	50 000	
	911 100	
÷ Tekjur .....	713 000	
		198 100
II. Rafmagnsveitur ríkisins:		
Stjórn og rekstur rafmagnsveitnanna og undirbúningur nýbygginga.		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	139 300	
b. Verðlagsuppbót .....	292 530	
		431 830

16. gr.

	kr.	kr.
2. Skrifstofukostnaður .....	198 000	
3. Ferðakostnaður .....	50 000	
4. Vinnuvélar og bifreiðar .....	150 000	
5. Birgðaskemma .....	100 000	
6. Verkstæði .....	60 000	
7. Annar kostnaður .....	150 000	
8. Rekstrarkostnaður rafveitna:		
a. Reykjanesveita .....	690000	
b. Árnassýsluveita .....	241000	
c. Húsavíkurveita .....	148000	
d. Reykjakotsveita .....	87000	
e. Grenjaðarstaðaveita .....	20000	
f. Rafveita Egilsstaðaparps .....	66000	
g. Þykkvabæjarveita .....	90000	
	<u>1 342 000</u>	
9. Til nýrra raforkuframkvæmda .....	1 000 000	
	<u>3 481 830</u>	
÷ Tekjur:		
Tekjur af vöruumsetningu o. fl. ....	353000	
Leiga af bifreiðum og vinnuvélum .....	390000	
Fært á nýbyggingar .....	600000	
Tekjur Reykjanesrafveitu .....	660000	
Tekjur Árnassýslurafveitu .....	186000	
Tekjur Húsavíkurrafveitu .....	90000	
Tekjur Grenjaðarstaðarafveitu .....	13000	
Tekjur Reykjakotsrafveitu .....	40000	
Tekjur rafveitu Egilsstaðaparps .....	54000	
Tekjur Þykkvabæjarrafveitu .....	55000	
Bráðabirgðalán úr raforkusjóði til greiðslu á rekstrarhalla 1948 .....	40830	
	<u>2 481 830</u>	
		1 000 000
III. Rafmagnseftirlit ríkisins:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun .....	67000	
b. Verðlagsuppbót .....	141000	
	<u>208 000</u>	
2. Ferðakostnaður .....	69 000	
3. Áhaldakostnaður .....	30 000	
4. Annar kostnaður .....	90 000	
	<u>397 000</u>	
÷ Tekjur:		
Árgjöld rafveitna .....	166000	
Aðflutningsgjöld o. a. ....	209000	
	<u>375 000</u>	
		22 000
IV. Raforkuráð:		
Þóknun og skrifstofukostnaður .....		15 000
V. Raforkusjóður:		
Tillag ríkissjóðs samkv. lögum nr. 12 2. apríl 1946 ..		2 000 000

		16. gr.	
		kr.	kr.
<b>VI. Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir:</b>			
<b>1. Laun:</b>			
a. Grunnlaun .....	45000		
b. Verðlagsuppbót .....	95000		
	140 000		
2. Bormannalaun og annar rekstrarkostnaður ....		980 000	
3. Annar rannsóknar- og skrifstofukostnaður .....		380 000	
		1 500 000	
÷ Tekjur:			
Borkostnaður greiddur af einstaklingum og sveitarfélögum .....		850 000	
			650 000
4. Til kaupa á einum höggbor og einum rannsóknarbor .....		200 000	
			200 000
Samtals D. ...		. . .	4 085 100



## 17. gr.

## Til félagsmála er veitt:

	kr.	kr.
1. Tillag til bjargráðasjóðs, samkv. l. nr. 45 1913 .....		33 000
2. Til alþýðutrygginga:		
I. a. Framlag samkv. 116. gr. laga nr. 50/1946 .....	23 300 000	
b. Framlag samkv. 82. gr. sömu laga .....	1 500 000	
		24 800 000
II. Endurgreiðsla samkv. 99. gr. laga nr. 50/1946 á framlagi Lífeyrissjóðs Íslands til ellilauna og örorkubóta samkv. 78. gr. laga nr. 74/1937 .....		260 000
3. Gjöld samkvæmt lögum nr. 39 1935, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna .....		15 000
4. Gjöld samkvæmt 20. og 22. gr. framfærslulaga, nr. 52 1940 .....		20 000
5. Til styrktar- og sjúkrasjóða samkv. úthlutun félagsmálaráðuneytisins .....		18 000
6. Gamalmennahæli:		
a. Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík: Rekstrarstyrkur .....	7 000	
enda greiði vistmenn, sem framfærsluveit eiga utan Reykjavíkur, ekki hærra daggjald en bæjar- menn.		
b. Til sjö gamalmennahæla utan Reykjavíkur, 3000 kr. til hvers .....	21 000	
c. Til elliheimilisins á Seyðisfirði .....	2 000	
		30 000
7. Til sambands íslenzkra berklasjúklinga:		
a. Byggingarstyrkur .....	400 000	
b. Rekstrarstyrkur vegna læknislauna .....	32 190	
		432 190
8. Til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kaupúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að .....		200 000
9. Kostnaður við barnaverndarráð .....		30 000
10. Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ .....		150 000
11. Til starfskvennaskóla Sumargjafar .....		20 000
12. Upptökuheimilið á Elliðahvammum:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun .....	27000	
2. Verðlagsuppbót .....	56700	
	83700	
÷ Hlunnindi .....	18700	
	65 000	
b. Annar kostnaður .....	70 700	
	135 700	
÷ Tekjur .....	120 000	
		15 700

## 17. gr.

	kr.	kr.
13. Til ýmiss konar líknar- og hjálparstarfsemi:		
a. Til Rauðakross Íslands .....	15 000	
b. Til Sambands íslenskra berklasjúklinga .....	3 000	
c. Til félagsins „Heyrnarhjálp“ .....	5 000	
d. Til félagsins „Sjálfbjargar“ .....	2 000	
e. Til mæðrastyrksnefnda .....	50 000	
Þar af 15 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur. Ráðherra úthlutar fénu, að fengnum tilögum mæðrastyrksnefndar í Reykjavík.		75 000
14. Til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar .....		200 000
15. Til slysavarna:		
a. Til almennra slysavarna .....	100 000	
b. Til umferðaslysavarna .....	50 000	
		150 000
16. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis .....		5 000
17. Til bindindisstarfsemi:		
a. Til Stórstúku Íslands .....	170 000	
Þar af til bindindisstarfsemi í skólum 15000.		
b. Til Péturs Sigurðssonar erindreka:		
1. Grunnlaun .....	7500	
2. Verðlagsuppbót .....	15750	
		23250
3. Ferðakostnaður .....	4650	
	27 900	
		197 900
18. Ungmennastarfsemi:		
a. Til Ungmennafélags Íslands .....	15 000	
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.		
b. Til Bandalags skáta .....	2 000	
c. Til Bandalags íslenskra farfugla .....	1 500	
		18 500
19. Til Kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju .....		125 000
20. Til kvennaheimilisins Hallveigarstaða, byggingarstyrkur		75 000
21. Til Kvenréttindafélags Íslands .....		15 000
22. Til vinnumiðlunar .....		50 000
23. Til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga .....		600 000
24. Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna ....		1 200 000
25. Til íbúðarhúsabyggingar skv. 3. kafla l. nr. 44 7. maí 1946 .....		400 000
26. Til Bálfarafélags Íslands .....		35 000
27. Til Dýraverndunarfélags Íslands til dýraverndunarstarfsemi .....		5 000
28. Til kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, rekstrarhalli .....		20 000
29. Kostnaður við framkvæmd orlofslaganna .....		360 000
Samtals ...	. . .	29 555 290

**18. gr.****Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:**

	kr.	kr.
I. Til eftirlauna, samkvæmt eftirlaunalögum:		
1. Grunnlaun .....	178 811	
2. Verðlagsuppbót .....	375 503	554 314
II. Eftirlaun og styrktarfé umfram lögboðin eftirlaun:		
1. Grunnlaun .....	574 979	
2. Verðlagsuppbót .....	1 197 069	1 772 048
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. lífeyrissjóðslaga nr. 101/1943 og 8. gr. laga nr. 102/1943 .....		2 700 000
IV. Framlag ríkissjóðs samkvæmt 6. gr. reglug. <sup>2</sup> / <sub>11</sub> 1944		200 000
Samtals ...	. . .	5 226 362

**19. gr.****Til óvissra útgjalda er veitt: 500 000.**

III. KAFLI  
Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
<b>Inn:</b>			
<b>I. Fyrningar:</b>			
1. Samkvæmt 3. gr. A. ....		628 861	
2. — 11. — A. ....		17 466	
3. — 12. — ....		83 483	
4. — 13. — ....		859 980	
5. — 15. — ....		18 966	
6. — 16. — ....		37 344	
			1 646 100
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum .....			100 000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur .....			10 000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna .....			50 000
Samtals ...		. . .	1 806 100
<b>Út:</b>			
<b>I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:</b>			
1. Ríkissjóðslán:			
a. Innlend lán .....	3680759		
b. Lán í dönskum krónum .....	363933		
		4 044 692	
2. Lán ríkisstofnana:			
a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) .....	600000		
b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) .....	89100		
		689 100	
II. Til eignaaukningar landsímans .....			4 733 792
III. Til bygginga á jörðum ríkisins .....			300 000
IV. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana .....			1 700 000
V. Til byggingar fávitahælis í Kópavogi .....			600 000

	kr.	kr.
VI. Til vitamála, eignaaukning:		
a. Til að gera nýja vita .....	700 000	
b. Til byggingar vitavarðarhúsa á Reykjanesi og Svalvogum .....	150 000	
c. Til dýpkunarskips (lokagreiðsla) .....	150 000	
		1 000 000
VII. Til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar		1 550 000
VIII. Til byggingar Menntaskólahúss í Reykjavík .....		500 000
IX. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólanni á Akureyri .....		550 000
X. Til byggingar íþróttakeunaraskóla .....		200 000
XI. Til byggingar þjóðminjasafns .....		1 500 000
XII. Til byggingar skólastjórabústaðar á Hólum .....		65 000
XIII. Til byggingar bústaðar fyrir ráðsmann á Hvanneyri (lokagreiðsla) .....		95 000
XIV. Til byggingar bændaskóla í Skálholti .....		250 000
XV. Til byggingar varðskipa .....		850 000
XVI. Til bygginga á prestssetrum .....		900 000
XVII. Til byggingar embættisbústaða fyrir héraðsdómara		500 000
XVIII. Til byggingar tollstöðvarhúss í Reykjavík .....		500 000
XIX. Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ólvusi (1. greiðsla) .....		100 000
Samtals ...	. . .	19 993 792

21. g  
I. Rekstra:

		kr.	kr.
<b>Tekjur:</b>			
2. gr.	Skattar og tollar .....		100 870 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana .....		53 286 615
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs .....		10 000
4. gr.	Tekjur af hönkum og vaxtatekjur .....		968 425
5. gr.	Óvissar tekjur .....		100 000
	Rekstrarhalli .....		876 304
Samtals ...		. . .	156 111 344

II Sjóðs:

		kr.
<b>Inn:</b>		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti .....	155 235 040
Aðrar innborganir og fyrningar:		
20. gr. I.	Fyrningar .....	1 646 100
— II.	Vætanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl. ....	100 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur .....	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna .....	50 000
	Greiðslujöfnuður .....	19 063 996
Samtals ...		176 105 136

**Yfirlit.**  
*yfirlit.*

		kr.	kr.
<b>Gjöld:</b>			
7. gr.	Vextir .....		1 484 793
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins .....		287 482
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga .....		1 515 576
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar .....		5 183 010
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn .....	10 623 824	
— B.	Opinbert eftirlit .....	1 129 688	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta ....	4 785 401	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	850 000	17 388 913
12. gr.	Til læknaþingis og heilbrigðismála .....		5 678 296
13. gr. A.	Vegamál .....	16 540 420	
— B.	Samgöngur á sjó .....	2 929 800	
— C.	Vitamál og hafnargerðir .....	7 003 500	
— D.	Flugmál .....	2 295 170	28 768 890
14. gr. A.	Kirkjumál .....	3 376 230	
— B.	Kennslumál .....	27 484 010	30 860 240
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	2 543 550	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl. ....	3 566 049	6 109 599
16. gr. A.	Landbúnaðarmál .....	16 291 469	
— B.	Sjávarútvegsmál .....	2 524 730	
— C.	Iðnaðarmál .....	651 594	
— D.	Raforkumál .....	4 085 100	23 552 893
17. gr.	Til félagsmála .....		29 555 290
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár .....		5 226 362
19. gr.	Óviss útgjöld .....		500 000
Samtals ...		. . .	156 111 344

**yfirlit.**

		kr.
<b>Út:</b>		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti .....	156 111 344
20. gr. I.	Aðrar útborganir: Afborganir lána og eignaaukningar skv. 20. gr. Út .....	19 993 792
Samtals ...		176 105 136

## 22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun meðan hún er sjúklingur.
- II. Að greiða Ágústu Erlendsdóttur símakonu 1 200 kr. á ári, meðan hún er sjúklingur.
- III. Að endurgreiða skenmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomun og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- IV. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklunga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
- V. Að verja allt að 4 000 kr. til þess að styrkja afskekkt staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
- VI. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
- VII. Að verja allt að 700 þús. kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú.
- VIII. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1947 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- IX. Að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna á þeim stöðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti á iðjuverinu næst á eftir stofnlánadeildarláni, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. l. nr. 41 frá 29. apríl 1946.
- X. Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt.
- XI. Að taka allt að 25 millj. króna lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnuafli nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.
- XII. Að greiða úr ríkissjóði allt að helming kostnaðar við boranir eftir vatni í Vestmannaeyjum, sem framkvæmdar hafa verið af Rafmagnseftirliti ríkisins.
- XIII. Að gefa Ólafi Tubals í Múlakoti eftir veitingaskatt árin 1946 og 1947 vegna tjóns er hann hefur orðið fyrir af völdum Heklugossins.

## 23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1948 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs á næsta ári verði kr. 155 235 040, en útgjöld kr. 156 111 314, þannig, að rekstrarhalli verði kr. 876 304, en greiðslujöfnuður óhagstæður um kr. 19 063 996.

Fjárlagafrv. þetta er síðar fram komið og eru til þess fleiri en ein ástæða, en þó helzt sú, að nú hvílir meiri óvissa yfir afkomu þjóðarinnar og ríkis-



sjóðs en oft áður. Útgjöld samkvæmt þessu frumvarpi verða þau hæstu, sem nokkur tíma hafa verið á fjárlagafrv. afgreiddu frá ríkisstjórninni m. a. vegna þess, að nú varð að reikna öll útgjöld sem vísitala framfærslukostnaðar hefur áhrif á, með stórum hætti vísitölu en áður. Við samning þessa frv. er vísitalan 310 lögð til grundvallar, og þar sem vísitalan hefur enn hækkað stórum, er óvíst hvort sá útreikningur stenz. Úr þessu fæst þó fyrst skorið, þegar séð verður, hvort Alþingi og ríkisstjórn tekst að ná samkomulagi um lausn dýrtíðarvandamála, þann veg að reikna megi með lægri og viðuráðanlegri vísitölu.

Nú hefur að visu verið reynt við samning frv. að færa niður útgjöld, en þar sem annars vegar hefur orðið að taka tillit til hinnar háu vísitölu, og hins vegar, að svo mikið af útgjöldum fjárlaganna er bundið með lögum, hefur lækkuin óhjákvæmilega orðið að lenda á þeim útgjaldaliðum, sem ekki eru fyrir fram bundnir í lögum.

Þótt samkvæmt framansögðu hafi ekki tjáð annað við samning þessa frv. en taka tillit til gildandi laga varðandi ýmsa útgjaldaliði virðist nauðsynlegt að taka til athugunar við meðferð málsins hvort ekki sé unnt eins og nú horfir við að fresta að einhverju leyti einstöku framkvæmdum, sem krefjast stórra framlaga úr ríkissjóði, en eru þó misjafnlega aðkallandi.

Fjármálaráðherra geymir sér rétt til þess, um leið og þetta fjárlagafrv. er lagt fram með útgjaldaáætlun samkvæmt gildandi lögum, að gera við meðferð málsins tillögur til Alþingis um frestun á framkvæmd ákveðinna laga, sem nú hafa í för með sér mikla hækkun á útgjaldalið frv.

## TEKJUBÁLKURINN.

### Um 2. gr.

Um tekjuhlíð frv. skal þetta fram tekið. Tekju- og eignarskatturinn er áætlaður eins og er í fjárlögum yfirstandandi árs og byggist það á því, að þessi tekjuhlíð hefur reynt miklu hætti í ár, en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir 1947, og að sú vísitöluhlíð, sem orðið hefur á árinu, hefur í för með sér hætti tekjur hjá öllum almenningi en áður hafa átt sér stað, enda þótt sumir atvinnuvegir eins og t. d. útgerðin hafi horið skarðan hlut frá borði.

Verðtollurinn er áætlaður 33 millj. kr. Er þar gert ráð fyrir, að innflutningur minnki stórlega á árinu, og líka tekið tillit til þess, að hækkun sú á verðtölli, sem lögfest var á síðasta þingi, fellur úr gildi um næstu áramót.

Vörumagnstollurinn er hins vegar áætlaður 12 millj. króna og þá haft fyrir augum, að hann haldist óbreyttur á næsta ári.

Um aðra tekjuhlíði samkvæmt 2. gr. þykir ekki ástæða að fjölyrða.

### Um 3. gr.

Tekjur af einkasölum ríkisins eru áætlaðar svipað og gert er í fjárlögum þessa árs. Það skal þó tekið fram, að lækki verðlag almenn í landinu, má ekki búast við jafnmiklum tekjum af einkasölunum eins og raun hefur á orðið undanfarið.

### Póstur og sími.

Halli hefur orðið á rekstri þessara fyrirtækja á undanförunum árum og farið vaxandi og varð 1946 kr. 1 662 045 á póstinum og kr. 1 623 494 á símanum. Í tillögum póst- og sínamálastjórnarinnar er gert ráð fyrir 940 þús. kr. halla á póstinum, en lítilsháttar tekjuafgangi á rekstri landssímans. Þessar áætlanir hafa verið lagðar til grundvallar við samning frv., nema hvað framlag til notendasíma í sveitum hefur verið lækkað um 500 þús. kr. með hliðsjón af, að erfitt muni verða að afla efnis frá útlöndum til þessara framkvæmda á næsta ári.

**Ríkisútlarpið.**

Fylgt hefur verið tillögum útlarpsstjóra og gengið út frá óbreyttum afnota-  
gjöldum á næsta ári.

**Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.**

Tekjur ríkissjóðs af þessu fyrirtæki eru áætlaðar 275 þús. kr. samkvæmt til-  
lögum forstjórans, sem jafnan hafa reynzt mjög nærri sanni.

**Landssmiðjan.**

Landssmiðjan hefur átt við fjárhagslega örðugleika að stríða undanfarin ár. Einkanlega hefur orðið mikið tap á skipasmíðastöðinni við Elliðaárvog eða alls um kr. 2 340 þús. kr., þar af þegar greitt úr ríkissjóði kr. 1 650 000. Skipasmíða-  
stöðin er nú hætt rekstri og sá þáttur í rekstri Landssmiðjunnar gerður upp að  
fullu með þeirri niðurstöðu, er fyrr greinir. Mjög er í óvissu um afkomu fyrirtækis-  
ins í framtíðinni, þannig hefur vinnustöðvun sú, sem orðið hefur í ár, valdið miklu  
tjóni og er ekki séð fyrir endann á því. Byggt hefur verið á áætlun forstjórans  
fyrir næsta ár og tap áætlað 37 800 kr.

**Tunnuverksmiðjur ríkisins.**

Fyrirtæki þetta er stofnsett með lögum frá Alþingi og tók til starfa á s. l. ári. Á áætlun þeirri, er ráðuneytinu hefur borizt frá stjórn fyrirtækisins, er ekki gert  
ráð fyrir neinum tekjuafgangi, en hins vegar ætlað til, að fyrirtækið beri sig fjár-  
hagslega, þannig að framleiðslan verði seld við kostnaðarverði.

**Trésmiðjan Akur.**

Ríkisstjórnin tók á leigu á þessu ári til 5 ára umrædda trésmíðaverksmiðju. Var þetta gert í þeim tilgangi að greiða fyrir smíði opinberra bygginga, sem oft  
hafa tafizt undanfarjð vegna þess hve seint hefur gengið að fá hurðir, glugga og  
m. fl. til þeirra smíða. Er gert ráð fyrir, að fyrirtækið beri sig fjárhagslega.

## Um 4. gr.

Vaxtatekjur sundurliðast þannig:

1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands .....	kr. 62 855.00
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands 6% af 3 millj. ....	— 180 000.00
3. Vextir af áhættufé Stríðstr.félags ísl. skipshafna .....	— 111 000.00
4. Vextir af eignakönnunarbréfum .....	— 300 000.00
5. Aðrir vextir .....	— 51 000.00
6. Arður af hlutafjáreign .....	— 263 570.00

Samtals kr. 968 425.00

## GJALDABÁLKURINN.

## Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1948 sundurliðast þannig:

## I. Innlend lán:

Vextir:	Afborganir:	
(7. gr. 1)	(20. gr. út. I. 1, a)	
Kr.	Kr.	
25 000.00	„	Sáttmálasjóður.
910.00	2 600.00	Gisli Björnsson, innheimtumaður.
1 002.72	4 177.94	Lán vegna kaupa á húseigninni „Gimli“.
1 287.00	5 850.00	Lán vegna kaupa á húseign. Austurstr. 20.
8 398.51	8 483.28	Lán v. kaupa á fasteign á Eyrarb. og Stokkseyri.
650.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.

Vextir:	Afborganir:	
(7. gr. 1)	(20. gr. út. I. 1, a)	
Kr.	Kr.	
953.33	8 666.67	Lán vegna Skeiðaáveitu.
32 725.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
1 456.00	3 466.72	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1, Rvík.
2 511.22	5 231.65	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
56 183.87	70 450.00	Innanríkislán 1940.
342 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
80 150.00	570 000.00	Innanríkislán 1944.
178 500.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
60 000.00	1 000 000.00	Lán til styrktar sildarútveginum 1945.
26 666.67	333 333.33	Greiðsla af láni ríkisins vegna fiskihafna.
7 875.00	25 000.00	Vegna kaupa á landeignum í Hveragerði.
90 000.00	„	Af eignakönnunarbréfum.
300 000.00	750 000.00	Lán í Landsbanka vegna framlags til Alþjóða- banka og gjaldeyrissjóðs.
<hr/>	<hr/>	
1 216 269.00	3 680 759.00	

## II. Erlend lán:

Vextir:	Afborganir:	
(7. gr. 2)	(20. gr. út. I. 1, b)	
d.kr. 3 267.68	d.kr. 4 232.34	Forsørgelsesforeningen Bicuben, Köbenhavn (til Vífilsstaðahælis 1909).
— 37 390.29	— 92 609.71	Statsanstalten for Livsforsikring, Köbenhavn, (til veðdeildarbréfakaupa).
— 10 214.39	— 23 093.61	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktiesel- skab „Hafnia“, Köbenhavn, 1926 (til veðdeild- arbréfakaupa).
— 55 158.41	— 74 255.59	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktiesel- skab „Hafnia“, Köbenhavn, 1927.
— 55 158.41	— 74 255.59	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Köbenh., 1927.
<hr/>	<hr/>	
d.kr. 161 189.18	d.kr. 268 446.84	
ísl.kr. 218 524.17	ísl.kr. 363 933.38	

### Um 8. gr.

Eins og að undanförunu er kostnaður við æðstu stjórn landsins áætlaður ósund-  
urliðaður í frv. kr. 287 482.00. Sundurliðuð áætlun fylgir.

### Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður með sömu fjárhæð og 1947. Ráðuneytinu hefur  
engin kostnaðaráætlun borizt.

### Um 10. gr.

I. Kostnaður við stjórnarráðið hækkar um 400 þús. kr., að mestu vegna hækk-  
unar á vísitölu.

II. Farið hefur verið eftir tillögum hagstofustjóra, og er um litlar breytingar  
að ræða frá f. ári, aðrar en þær, að búast má við hækkaðri húsaleigu, þar sem Hag-  
stofan flytur á næsta ári í hina nýju byggingu í Arnarhvoli og fær til unráða meira  
húsnæði en hún hefur haft áður.

III. Kostnaður við utanríkismál hækkar um 430 þús. kr. og eru helztu hækkunar-  
þessar: Sett hefur verið á stofn nýtt sendiráð í Osló, kostnaður við það er áætlaður

110 100 kr. Ferðakostnaður hækkar um 25 000 og kostnaður við samninga við erlend ríki um 150 000, en þessir tveir síðarnefndu liðir hafa farið fram úr áætlun bæði í fyrra og eins það sem af er þessu ári.

#### Um 11. gr. A.

Hækkun á þessum lið nemur alls 1.9 millj. kr. Aðalhækkunin er á lögreglukostnaði 600 000 kr. og landhelgisgæzlu 750 000 kr. Lögreglukostnaðurinn varð árið 1946 kr. 1 553 þús., en vegna aukinnar löggæzlu utan Reykjavíkur, svo sem á Keflavíkurflugvelli, Siglufirði og víðar, er ekki varlegt að áætla hann minna en gert er í frv. eða 1 868 þús.

Kostnaður við landhelgisgæzlu varð 1946 4 146 þús. og hefur í nokkur undanfarin ár verið áætlaður of lágt. Hefur því ekki þótt annað fært en að fara eftir tilögum útgerðarstjórans í þetta sinn. Á öðrum liðum er um eðlilega hækkun að ræða.

#### Um 11. gr. B.

Þessi liður hækkar um 293 þús. frá gildandi fjárlögum, aðallega vegna hækkunar á kostnaði við eftirlit með skipum vegna nýrrar lagasetningar þar um og kostnaðar við mat á afurðum, aðallega mat á freðfiski. Þá hefur kostnaður við húsaleigunefndir verið áætlaður 50 þús. kr. hærri en á gildandi fjárlögum, en þessi kostnaður varð 1946 196 þús. kr.

#### Um 11. gr. C.

I. Þessir útgjaldaliður er áætlaður 3 350 þús., en varð s. l. ár 2 914 þús. kr. Hækkunin stafar af auknum launagreiðslum vegna vísitöluhækkunar, en einnig af auknu mannhaldi bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur, vegna aukinnar tollgæzlu í Reykjavík og víðar.

II. Skattar, þar nemur hækkunin frá þ. á. fjárlögum um 230 þús. kr., þar af 100 þús. kr. hækkun vegna skattanefnda utan Reykjavíkur, sem er áætlaður 600 þús. nú, í stað 500 þús. í fjárl. fyrir 1947. Þessi liður er þó ef til vill of lágt áætlaður, því kostnaðurinn varð 1946 rúm 700 þús.

#### Um 12. gr.

Á þessari grein verða allmiklar breytingar frá því sem verið hefur, vegna þess að á næsta ári á að koma til framkvæmda, lögum samkvæmt, III. kafli Almennra tryggingalaga, um heilsugæzlu, en samkvæmt því tekur Tryggingastofnun ríkisins að sér útgjöld þau, er áður hafa hvílt á ríkissjóði beint til berklavarna og til styrktar sjúklingum samkvæmt lögum nr. 78, 1936, auk kostnaðar við heilsuverndarstöðvar í kaupstöðum. Alls voru þessi útgjöld áætluð í fjárl. fyrir 1947 4 580 þús. kr., sem nú falla niður af 12. gr. Auk þess hafa daggjöld ríkisspítalanna, sem Tryggingastofnunin tekur að sér að greiða, hækkað úr kr. 22.50 í kr. 29.00, þannig, að rekstrarhalli ríkisspítalanna lækkar úr kr. 3 727 620, samkv. áætlun gildandi fjárlaga, í kr. 2 513 085 eða um ca. 1 200 þús. Hér er þó ekki um beinan sparnað að ræða, þar sem framlag ríkisins til Tryggingastofnunarinnar hækkar að sama skapi, sbr. 17. gr. Áætlun um rekstur upptökuheimilis á Elliðahvammum, er fært á 17. gr., með því að hér er ekki um heilsugæzlu að ræða.

Aðrir liðir 12. gr. þurfa ekki skýringar við.

#### Um 13. gr. A.

Ráðuneytið hefur ekki séð sér fært að áætla meira en 3 millj. kr. til nýrra akvega, sökum sívaxandi útgjalda á öðrum sviðum. Það er að visu lægra en fram á var farið í áætlun vegamálastjóra. Til vegaviðhalds er hins vegar tekin upp sama upphæð og er í fjárlögum þessa árs í sama skyni, 9 millj. kr.

Ráðuneytið vill benda á það, í sambandi við þessi útgjöld, að ætla mætti, að

með hinum stórvirku vinnuvélum, sem ríkissjóður hefur með ærnum kostnaði lagt vegagerð ríkisins til, mætti færa niður kostnað við vegavinnuna almennt.

Til brúagerða er áætluð 1 millj. kr., auk þess sem á 22. gr. er ætlað til, að heimild sé veitt til 700 þús. kr. framlags til nýrrar brúar á Þjórsá og verður það samanlegt rösklega eins mikið og lagt var til í stjórnarfrv. á síðasta þingi, að varið yrði til brúagerða. Til brúasjóðs eru teknar upp 600 þús. kr., sama og framlagið reyndist á árinu 1946.

#### Um 13. gr. B.

Til strandferða er áætluð svipuð upphæð og Skipaútgærd ríkisins gerði ráð fyrir, en tölul. 2 er áætlaður með sömu upphæð og var í stjórnarfrv. síðasta þings.

#### Um 13. gr. C.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta ásamt framlagi til hafnarbótasjóðs samkvæmt lögum, er tekin upp í þessa frv. svipuð upphæð samanlagt og var í stjórnarfrv. því, er lagt var fyrir þingið 1946.

#### Um 13. gr. D.

Útgjöld til flugmála eru í frv. áætluð kr. 2 295 190. Samkv. bréfi samgöngumálaráðuneytisins eru þetta bráðabirgðatillögur og hefur verið óskað eftir frekari skýringum samkvæmt bréfi samgöngumálaráðuneytisins til flugráðs. Þessar upplýsingar voru ekki fyrir hendi þegar frv. var samið, en munu væntanlega berast Alþingi síðar.

#### Um 14. gr. A.

Fylgt hefur verið að mestu leyti tillögum biskups og er um litlar breytingar að ræða frá gildandi fjárlögum.

#### Um 14. gr. B.

I. Teknir hafa verið upp 2 nýir útgjaldaliðir: Til risnu háskólarektors 7 750 kr. og til aukakennslu fyrir tannlæknanema. Að öðru leyti er um litlar breytingar að ræða.

II. Styrkjum til ísl. námsmanna erlendis er haldið óbreyttum frá núgildandi fjárlögum.

X. 1. Fylgt hefur verið tillögum landbúnaðarráðuneytisins, nema hvað framlag til stækkunar og endurbóta á fjósi staðarins hefur verið áætlað 50 000 kr., eins og skólastjóri hafði lagt til í áætlun sinni.

2. Til stofnkostnaðar við næturhitun á Hvanneyri hafði skólastjóri áætlað 100 000 kr., en landbúnaðarráðuneytið lagði til, að fjárveitingin yrði hækkuð upp í 200 000 kr. Ráðuneytið felldi þennan lið alveg niður, vegna þess að það taldi heppilegra, að fjárveitinganefnd tæki ákvörðun um málið, eftir að henni hefði borizt kostnaðaráætlun og aðrar nauðsynlegar skýrslur, sem engar lágu fyrir. Til viðgerða á fjósi og hlöðu er áætlað 100 000 kr., eins og skólastjóri leggur til. Framlag til vélaverkstæðis hafði landbúnaðarráðuneytið lagt til, að fellt yrði niður.

XIII. Fylgt hefur verið áætlun fræðslumálastjórnarinnar að undanskildu framlagi barnaskólabygginga, sem í frv. er aðeins áætlað 3 millj. kr.

Ráðuneytinu er fullljóst, að æskilegt væri að veita meira fé til þessara framkvæmda, en vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs var ekki talið fært að hafa þetta meira.

XIV. Framlag til bygginga gagnfræðaskóla er af sömu ástæðu og hér að framan greinir áætlað 2 000 000 kr., að öðru leyti var farið eftir tillögum fræðslumálastjórnarinnar.

XV. Tillögum fræðslumálastjórnarinnar fylgt, nema að því er snertir framlag til skólabygginga, sem er áætlað 800 000 kr., eins og á fjárl.frv. í fyrra.

XVI. Af sömu ástæðu og að framan er greint, var tillag til íþróttasjóðs áætlað 700 000 kr.

Allir liðir í 14. gr. eru ýmist óbreyttir frá núgildandi fjárlögum eða nægilega skýrðir í fylgiskjölum og hefur að mestu verið fylgt tillögum menntamálaráðuneytisins.

#### Um 15. gr. A.

I.—IV. Fjárveitingar til safnanna eru að mestu leyti óbreyttar frá núgildandi fjárlögum, að frátekinni lækkun vegna visitöluhækkunar. Tekinn hefur þó verið upp nýr liður við Þjóðminjasafnið, 20 000 kr. til hljómplötusafns.

VII. Styrkir til bókasafna og lesstofa eru að mestu leyti óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. Þó hafa verið felldir niður byggingastyrkir til bókasafna, en tekið í þess stað upp ný fjárveiting til byggingar lesstofu, 60 000 kr., samkvæmt tillögum menntamálaráðherra.

Aðrir liðir eru að mestu óbreyttir frá gildandi fjárlögum. Þó hafa verið felldir niður styrkir til einstakra manna til tónlistarnáms, þar sem eðlilegast virðist, að slíkum styrkjum sé úthlutað sem öðrum námsstyrkjum.

#### Um 15. gr. B.

I. Allmiklar breytingar til lækkunar voru gerðar á áætlun þeirri, sem ráðuneytinu barst um atvinnudeild háskólans, að sumu leyti með hliðsjón af skýrslu rannsóknaráðs og í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

IV. Fylgt var áætlun veðurstofustjóra, sem hefur allmjög aukin útgjöld í för með sér, vegna stórum aukinnar starfsemi þessarar stofnunar.

#### Um 16. gr. A.

Liðir 1—9 eru að mestu leyti óbreyttir frá núgildandi fjárlögum. Hækkað er þó framlag til bygginga á Reykhólum og felldur niður 7. liður e. Byggingarstyrkir samkv. eldri lögum.

10. liður, til fyrirhleðslu á Þverá og Markarfljóti, er hækkaður í 500 000 kr. samkvæmt tillögum vegamálastjóra, sem telur nauðsyn á svo hárrí fjárveitingu til að fullgera þessi mannvirki. Framlag til vélasjóðs er lækkað í 200 000 kr., þar sem ekki má gera ráð fyrir miklum innflutningi á vélum á næsta ári, enda þegar verið keypt mikið af slíkum tækjum á undanförunum árum.

Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma er af sauðfjársjúkdómanefnd áætlaður kr. 4 410 000.00, þar af kr. 2 432 000 bætur vegna fjárskipta. Allar þessar bætur eru fyrir fjárskipti, sem þegar hafa farið fram, ýmist á þessu eða fyrri árum. Virðist framkvæmd þessara mála vera komin í það horf, að sauðfjárveikivarnirnar geti einar ráðið því, í hvaða fjárskipti skuli ráðizt á hverjum tíma, hvort sem fé er fyrir hendi eða ekki. Er þetta afar óheppilegt fyrirkomulag, sem stefnir beinlínis að því að gera fjárveitingavaldið áhrifalaust um þessi mál. Ráðuneytið hefur ekki séð sér fært að gera aðrar breytingar á áætluninni en að lækka kostnað við rannsóknir og tilraunir um 150 000 kr.

Aðrir liðir þurfa ekki skýringar við.

#### Um 16. gr. B.

Samkvæmt lögum nr. 52 1947 ber ríkissjóði að leggja Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 1½ milljón í viðbótarstofnfé. Ekkert fé hefur verið ætlað til þessa á fjárlögum, en þar sem samábyrgðin mun þurfa á mjög auknu stofnfé að halda, þykir rétt að taka fjárveitingu í þessu skyni upp á næsta árs fjárlög.

Aðra liði þarf ekki að skýra.

#### Um 16. gr. C.

Þessi kafli er að miklu leyti samhljóða gildandi fjárlögum og þarf ekki frekari skýringar við.

#### Um 16. gr. D.

Skýrsla Rafmagnseftirlits ríkisins lögð til grundvallar áætlunar frv. með nokkrum breytingum, og er sú stærst, að lagt er til, að varið verði til nýrra framkvæmda í millj. kr. í stað 3 millj. kr., sem farið er fram á.

Er ekki talið fært að auka fjárframlög til raforkumála frá því sem ákveðið var á þessa árs fjárlögum.

#### Um 17. gr.

Höfuðbreytingin á þessari grein stafar af þeirri hækkun á framlagi ríkissjóðs til almannaþrygginga, sem orsakast af framkvæmd III. kafla laganna um heilsgæzlu á næsta ári. Í skýrslu sinni áætlar forstjóri Tryggingastofnunarinnar að til að standa straum af útgjöldum stofnunarinnar á næsta ári þurfi ríkissjóður að leggja fram samkvæmt 116. gr. laganna ..... 23.3 millj. samkvæmt 82. gr. vegna aukalæknisstarfa ..... 2.3 millj. og aukaframlag vegna hækkunar á sjúkrahúsrekstri o. fl. .... 3.0 millj.

Samtals 28.6 millj.

Ráðuneytið hefur engin tók á að gagnrýna þessa áætlun, og er það ljóst að ríkissjóður verður að bera þann halla, sem verða kann á næsta ári af þessum framkvæmdum, en hefur hins vegar að svo vöxnu máli ekki viljað taka upp í frv. önnur gjöld en þau, sem eru beinlínis lögákveðin. Þá hefur ráðuneytið ekki heldur talið fært að áætla 2.3 millj. kr. til greiðslu fyrir aukalæknastörf, en um það mál hafa engir samningar farið fram. Er því gert ráð fyrir 1.5 millj. króna í þessu skyni, sem ætla má að nægi, þar sem laun allra héraðslækna á landinu eru ca. 1.4 millj. kr.

Samkvæmt þessu er framlagið ákveðið 23.3 + 1.5 millj. kr. eða alls 24.8 millj., sem er ca. 6 millj. kr. hærra en á núgildandi fjárlögum. En upp í það kemur eins og áður er um getið lækkun á kostnaði við heilbrigðismál, samkv. 12. gr. frv.

Byggingarstyrkur til Sambands ísl. berklasjúklinga er áætlaður 400 000 kr. Nýr liður, kostnaður við framkvæmd orlofslaganna, 360 000 kr., er tekinn upp í frv. Hefur þessi kostnaður numið álíka upphæð undanfarið, en aldrei verið tekinn á fjárlög áður.

Aðrir liðir eru eins eða svipaðir og á gildandi fjárlögum.

#### Um 18. gr.

Eftir hendingu yfirskoðunarmanns Alþingis er sú nýbreytni tekin upp, að felld er niður sundurliðun á eftirlaunum og styrktarfé, en aðeins heildarupphæðin tekin inn í 4 liðum, þ. e. 1. eftirlaun, 2. styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna, 3. framlag til lífeyrissjóðs og 4. framlag samkvæmt reglugerð frá 21. nóv. 1944. Jafnframt fylgir frv. til fjárveitinganefndar sundurliðuð skrá yfir þessar fjárhæðir í sama formi og 18. gr. hefur áður birzt í fjárlögum. Er svo til ætlazt, að Alþingi sendi ráðuneytinu og ríkisféhirði, að lokinni afgreiðslu fjárlaga, sams konar skrá með þeim breytingum, sem orðið hafa í meðförum Alþingis, staðfesta af forseta sameinaðs Alþingis, og eftir þeirri skrá yrði svo farið við útborgun eftirlaunanna.

#### Um 19. gr.

Síðustu fjárlög gerðu ráð fyrir 35 millj. kr. útgjöldum til dýrtíðarráðstafana, samkvæmt ákvörðun Alþingis, eftir að núverandi stjórn tók við. Nú er enn ekki vitað hvort fært þykir að halda áfram á sömu braut og engin ákvörðun tekin um það, enda verður það Alþingis að taka hana, ef til kemur. Af þessum ástæðum hefur ekki verið tekin upp í þetta frv. nein slík útgjaldaupphæð.

#### Um 20. gr.

Inn á 20. gr. hafa verið teknir 4 nýir liðir. Til byggingar fávitahælis í Kópavogi 600 000 kr. Er mjög aðkallandi að reisa byggingu í þessu skyni hið fyrsta og var

veitt heimild til þess á 22. gr. nágildandi fjárlaga. Þá er tekin á 20. gr. 500 000 kr. fjárveiting til byggingar embættisbústaðar fyrir héraðsdómara. Hefur nokkurt fé verið heimilað til þessa á 20. gr. áður.

Til byggingar skólastjórabústaðar á Reykjum í Ölvusi 100 000 kr., fyrsta greiðsla. Skólastjóraibúðin er nú talin lítt nothæf, og aðkallandi, að úr því verði bætt. Loks er gert ráð fyrir 500 000 kr. til byggingu tollstöðvarhúss í Reykjavík. Húsnæði það, sem skrifstofur tollstjóra eru nú í, er fyrir löngu orðið of þröngt og ieigutíminn bráðum á enda. Nokkur undirbúningur er þegar hafinn, en stöðinni hefur ekki enn þá verið ákveðinn staður af skipulagsnefnd Reykjavíkur, en óhjákvæmilegt er að reisa stöðina við höfnina eða sem næst henni.